

Sent til Mbl.is: 10.5.2018
Birt í Mbl: 28.5.2018
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Orkustefnur Íslands

Almennt er talið að mikilvægara sé að gera rétta hluti en að gera hlutina rétt.

Stjórnámamenn eigi að taka ákvarðanir um að gera rétta hluti en það er embættismanna og forstjóra fyrirtækja að framkvæma og gera hlutina rétt, innan ramma laga og reglugerða.

Og það er stundum betra að gera ekki neitt en að leggja mikla vinnu í að gæðastýra röngum hlut.

Þetta kemur upp í huga þegar fréttir berast af skipun nýs starfshóps á vegum ríkisstjórnarinnar um Orkustefnu.

Starfshópur um Orkustefnu 2009-2011

Á vegum ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur var stofnsettur starfshópur til að semja greinargerð um orkustefnu. Greinargerðin var í vinnslu árin 2009-2011.

Að mínu mati voru þættirnir sem þá var horft til allt of víðtækir þannig að ekki var neitt fast í hendi. Þetta fjaraði allt saman út og frá því að greinargerðin birtist 2011 og fram til þessa dags hefur hún verið aðgerðalaust plagg sem enginn vitnar í. Tilvera starfshópsins hafði því miður þau einu áhrif að tefja ýmis knýjandi verkefni á sviði orkumála og vera skálkaskjól stjórnvalda til afsökunar á stefnuleysi í orkumálum í mörg ár. Það minnst enginn á greinargerðina í dag.

Starfshópur um Orkustefnu 2018-2020

Nú hefur ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur skipað starfshóp með aðkomu allra þingflokka til að vinna að gerð orkustefnu fyrir Ísland. Þess er vænst að tillögur hópsins verði lagðar fram til umræðu á Alþingi í byrjun árs 2020.

Þórdís Kolbrún Reykjarörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur tjáð sig um það að ef vel tekst til geti niðurstaðan orðið eins konar þjóðarsátt um orkumál sem hægt verði að byggja á til langrar framtíðar.

Aftur er stefnt að því að ná fram einhverju sem mætti kalla yfirlit yfir markmið og leiðir í orkumálum þjóðarinnar, en aftur eru þættirnir sem horft er til svo víðtækir að borin von er um að verkið muni skila neinum árangri.

Núna stefnir í að þetta verði svona almennt snakk um orkumálin frá ýmsum hliðum. Mætti jafnvel kalla fullorðinsfræðslu fyrir ráðuneytisfólk og fulltrúa pólitísku flokkanna og gæti þess vegna alveg eins átt heima hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Athyglisvert er að fulltrúar hagsmunasamtaka atvinnulífsins voru ekki tilnefndir í starfshópinn og kannski var það bara í lagi.

Í Jóhannesarguðspjalli 13. kafla er Jesús látinn segja: "Nú skilur þú ekki, hvað ég er að gjöra, en seinna muntu skilja það." Manni gæti látið sér koma til hugar að það ætti vel við um álit Jesús á fyrirmælum ráðherra til starfshópsins.

Samanburður

Hvorki í fyrirmælum til fyrra starfshóps 2009-2011 né til seinna starfshóps 2018-2020 er minnst á að ljúka þurfi þeirri fyrirætlun raforkulaga frá 2003 að koma á samkeppnismarkaði fyrir raforku á Íslandi eins og nú þegar tíðkast í lang flestum tæknivæddum þjóðfélögum um allan heim og „svínvirkar“ víðast hvar, eins og sagt er.

Í skipan seinni starfshópsins er nefnt að hann skuli leita eftir að efla samkeppni á raforkumarkaði og skoða hugmyndir um útflutning raforku um sæstreng. Orðalagið er þó svo lauslegt að nærtækt er að álykta að það innifeli ekki endilega í sér stofnun á opnum samkeppnismarkaði. Starfræksla samkeppnismarkaðar á Íslandi er forsenda fyrir sæstreng til Bretlands, en varla þarf að hafa áhyggjur af því vegna þess að sú framkvæmd er hvort eð er líklega óraunhæf.

Fyrirmæli til beggja starfshópanna bera jafnvel með sér keim af stjórnslu frá tímum sóvéskra stjórnvalda sem nú eru hrunin. Eftir situr nútíma stjórnslu með markaðshyggju og samkeppni sem hefur öðlast fullnaðarsigur á heimsmælikvarða.

Að lokum

Mikil samstaða hefur náðst í flestum hagkerfum heims á undanförunum árum um að innleiða samkeppni og frjáls viðskipti með raforku, nema á Íslandi.

Að vísu hefur Landsnet tilkynnt enn einu sinni áform um að koma á fót skyndimarkaði fyrir heildsöluviðskipti á raforku, í þetta sinn fyrir 2020. Það gerðist á vörfundum Landsnets 14. mars 2018 með yfirlýsingu forstjórans Guðmundar Inga Ásmundssonar. Hvernig það verkefni verður leyst liggur ekki enn fyrir, en það er örugglega hægt. Vonandi mun stefnuleysi í mótun og vinnslu á orkustefnu ríkisstjórnarinnar ekki trufla þá vinnu.